

Ed.

439. Nefndarálit

[191. mál]

um frv. til laga um aðgerðir í atvinnumálum.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Frumvarp þetta er byggt á samkomulagi, sem ríkisstjórnin gerði við vinnuveitendur og verkalýðssamtökin í janúarmánuði s. l. í því skyni að ráða nokkra bót á því mikla atvinnuleysi, sem hér hefur verið á þessum vetri.

Með hliðsjón af því leggjum við til, að frumvarpið verði samþykkt, enda þótt við hefðum kosið, að ýmis ákvæði þess væru á annan veg.

Fram hefur komið, að til Atvinnuálanefndar ríkisins hafa þegar borizt umsóknir um lán og aðra fyrirgreiðslu samtals að fjárhæð röska 700 millj. kr. Er því ljóst, að fjármagn það, sem fyrir hendi verður á þessu ári, fullnægir ekki nema að litlu leyti þörfinni, og því sýnilegt, að frekari aðgerðir þurfa til að koma.

Þá bendum við á brýna nauðsyn þess, að skólafólki verði séð fyrir viðunandi atvinnu yfir sumarmánuðina, þar sem margt af því mun ekki geta haldið áfram námi að öðrum kosti.

Alþingi, 28. marz 1969.

Einar Ágústsson,
frsm.

Bjarni Guðbjörnsson.